

Sterk staða

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2019 var lagður fram í dag. Afkoma fyrirtækisins er samkvæmt áætlunum.

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets:

„Staða fyrirtækisins er sterk, eiginfjárstaða góð og við erum að fylgja eftir góðum árangri undanfarinna ára. Á fyrri hluta ársins eru fjárfestingar lægri en áætlað var, helsta ástæða þess er að stór verkefni fóru seinna af stað en við reiknuðum með vegna tafa á leyfisveitingum. Það er mjög mikilvægt að hraða málsmeðferðinni og gera leyfisveitingaferlið skilvirkara. Tafir eins og við höfum staðið frammi fyrir eru kostnaðarsamar ekki bara fyrir Landsnet heldur líka þá sem eru að nota orkuna. Eins og staðan er í dag tapast mikil orka í kerfinu, virkjanir nýtast ekki sem skyldi og neytendur hafa ekki tryggn aðgang að orku alls staðar á landinu. Þetta er ekki góð staða þegar við horfum til umhverfis- og samfélagslegra þarfa. Sem fyrirtæki er Landsnet vel í stakk búið til að takast á við þessar áskoranir.“

Helstu atriði árshlutareiknings:

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)¹ nam 29,9 m. USD (3.719,9 millj.kr) samanborið við 29,2 m. USD (3.637,8 millj.kr) árið áður og er daglegur rekstur félagsins stöðugur. Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 19,8 m. USD (2.458,5 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2019 samanborið við 16,2 m. USD (2.020,4 millj.kr) á sama tímabili árið 2018.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 850,5 m. USD (105.859,3 millj.kr) samanborið við 846,3 m. USD (105.334,5 millj.kr) í lok árs 2018. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 467,8 m. USD (58.219,3 millj.kr) samanborið við 476,0 m. USD (59.246,6 millj.kr) í lok árs 2018. Síðasti gjalddagi af stofnláni frá móðurfélagi er 21. mars 2020. Lánið var með einum gjalddaga en hefur að stórum hluta verið greitt niður á síðustu árum.

Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 45,0% samanborið við 43,8% í lok ársins 2018. Eigið fé í lok tímabilsins nam 382,8 m. USD (47.640,1 millj.kr) samanborið við 370,3 m. USD (46.087,9 millj.kr) í lok árs 2018.

Lausafjárstaða Landsnets er sterk, handbært fé í lok júní nam 43,5 m. USD (5.415,5 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 37,5 m. USD (4.666,0 millj. kr).

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengið USD/ISK 124,46

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala)

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	73.367	76.742	71.504	65.350
Rekstrargjöld	(43.479)	(47.513)	(42.369)	(37.740)
Rekstrarhagnaður	29.888	29.229	29.135	27.610
Hrein fjármagnsgjöld	(5.315)	(9.104)	(16.037)	(31.064)
Áhrif hlutdeildarfélags	98	67	66	119
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	24.671	20.192	13.164	(3.335)
Tekjuskattur	(4.918)	(3.959)	(2.620)	691
Hagnaður (tap)	19.753	16.233	10.544	(2.644)

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2019	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2016
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	781.193	780.553	777.214	735.376
Veltufjármunir	69.356	65.779	74.088	35.441
Eignir samtals	850.549	846.332	851.302	770.817
Eigið fé	382.774	370.303	336.964	308.411
Langtímaskuldir	356.176	429.965	472.685	425.762
Skammtímaskuldir	111.599	46.064	41.653	36.644
Eigið fé og skuldir samtals	850.549	846.332	851.302	770.817

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	37.490	36.896	37.279	26.917
Fjárfestingahreyfingar	(13.329)	(20.647)	(35.506)	(15.983)
Fjármögnunarhreyfingar	(18.537)	(16.960)	35.811	(6.877)
Áhrif gengisbreytinga	(891)	(713)	733	627
Handbært fé í ársbyrjun	38.779	49.175	18.253	62.290
Handbært fé í lok tímabils	43.512	47.751	56.570	66.974

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017	1.1.-30.6.2016
Helstu kennitölur				
EBITDA	44.643	43.777	42.874	41.654
	30.6.2019	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2016
Eiginfjárhlutfall	45,0%	43,8%	39,6%	40,0%